



Fréttatilkynning
frá
skrifstofu forseta Íslands

SAMÚÐARKVEÐJUR TIL FORSETA ÍNDÓNESÍU

Forseti Íslands Ólafur Ragnar Grímsson hefur í dag sent samúðarkveðjur sínar og íslensku þjóðarinnar til Susilo Bambang Yudhoyono, forseta Indónesíu, vegna hamfara þeirra og hörmunga sem jarðskjálftarnir í Padang hafa haft í för með sér. Hundruð manna hafa látið lífið og gríðarlegur fjöldi fjölskyldna glímir við afleiðingar jarðskjálftanna.

5. október 2009.

Nánari upplýsingar veita skrifstofa forseta Íslands (540 4400), Örnólfur Thorsson forsetaritari (896 3028) og Árni Sigurjónsson skrifstofustjóri (820 4946).